

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, sbr. og 2. og 3. gr. laga nr. 85 25. maí 1976 um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 325 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 650 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð. Sama gildir um óskráð sérlyf, sem flutt er inn samkvæmt undanþágu sbr. 3. málsg. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Ráðuneytið gefur út skrá yfir slík undanþágulyf.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.